

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. september 2013  
Tilvísun: UST20130800129/bs

## Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022, Holtamannafréttur. Umsögn um lýsingu

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi sem felast m.a. í breyttri stefnumörkun um legu Sprengisandsvegur og breyttri stefnumörkun um legu háspennulínu yfir Sprengisand og tengingu nýrra virkjana. Einnig hugmyndir um nýjar virkjanir og aðkomu að þeim.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umrædda lýsingu:

### Norðlingaölduveita

Norðlingaölduveita er í verndarflokki Rammaáætlunar sem er gildandi þingsályktun og því telur Umhverfisstofnun að hvorki eigi að setja þá útfærslu á aðalskipulag né aðrar útfærslur sömu veitu sem ekki hefur verið fjallað um á vettvangi Rammaáætlunar.

### Skrokköldu- og Hágönguvirkjun

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanirnar eru í biðflokki Rammaáætlunar. Umhverfisstofnun telur ekki tímabært að gera áætlanir um nýtingu eða vernd þeirra kosta. Umhverfisstofnun vill benda á að í faghóp var talið að Skrokkölduvirkjun gæti haft veruleg neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um hálandið fara. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir þessum áhrifum í umhverfismati aðalskipulags.

### Sprengisandslína og Sprengisandsvegur


Umhverfisstofnun telur að í aðalskipulagstillögu eigi að gera grein fyrir áhrifum umræddra breytinga á víðerni. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 "Velferð til framtíðar" kafla 9 er rætt um vernd víðerna. Þar eru sett fram þau markmið að tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands og að reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna. Einnig ætti að fjalla um hvort sjónræn áhrif háspennulína auk uppbyggingar vegar um Sprengisand geti haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

Umhverfisstofnun vill benda á að í ritgerð Önnu Dóru Sæþórsdóttur, *Ferðamennska á miðhálandi Íslands* er afstaða ferðamanna til m.a. mannvirkjagerða á hálandinu könnuð, en talið er að væntingar ferðamanna um upplifun óbyggða sé eitt helsta aðráttarafl Íslands í


huga þeirra ferðamanna sem heimsækja Ísland. "Sérstæð og fjölbreytileg náttúra er aðal aðdráttarafllandsins, en um 88% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna hennar og um 50% koma vegna öræfanna. Til viðbótar við fjölbreytilega og einstæða náttúru á hálandinu felst aðdráttarafll þess í fjármenninu og sjarveru hins manngerða." (Ferðamennska á hálandi Íslands, bls. 1).

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri



Björn Stefánsson  
sérfræðingur